

Kópavogsbær
Formaður leikskólanefndar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur

Kópavogur, 14. október 2011

Staða næringar barna, matseðla og hreyfingar á leikskólum Kópavogs


Leikskólanefnd samþykkti 24. apríl 2007, metnaðarfulla stefnu og framtíðarsýn fyrir leikskóla Kópavogs. Standa þau gildi sem þar voru samþykkt vel fyrir sínu.

Ein áherslan er á að Kópavogsbær fari að ítrустu gæðakröfum í starfi og umhverfi leikskóla sinna, en þar er meðal annars lögð til sú leið til að tryggja gæði, að stuðlað sé að heilbrigði í hvívetna, meðal annars með hreyfingu ásamt hollri og næringarríkri fæðu.

Óskað er eftir því að Kópavogsbær upplýsi um hvernig bærinn stendur að því að tryggja umrætt markmið, t.d. hvort til séu leiðbeiningar um matseðla, hverjir sjá um matbúning, hvort lögð sé áhersla á einstökum leikskólum að kaupa hollan mat, í stað unnnina og langfrystra matvara og hvort að í gæðakönnunum bæjarins séu starfsmenn og nemendur spurðir um hvort þeir séu ánægðir eða óánægðir með matinn sem er í boði.

Einnig er óskað eftir því að upplýst verði um hvernig staðið sé að útvist og hreyfingu barna á leikskólum, hvort einhverjar reglur gildi um það og þá hvaða venjur hafi skapast.

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson,
Formaður stjórnar SAMLEIK og
fulltrúi foreldra í leikskólanefnd Kópavogs
Hjallabrekka 36 / Kópavogur